Grillið á Sögu 30 ára

VEITINGASTAÐURINN Grillið á Hótel Sögu á 30 ára afmæli á þessu ári. Af því tilefni hefur verið búinn til sérstakur afmælismatseðill, þar sem eru rifjaðir upp vinsælustu réttir veitingahússins í gegnum tíðina.

Í frétt frá Hótel Sögu segir m.a.: „Nýbreytni þessi hefur fengið mjög góðar móttökur. Fjölmargir hafa haft samband við Grillið og spurst fyrir um hvaða réttir séu á matseðlinum og segir framreiðslufólk hótelsins að ekki sé ólíklegt að margir gestanna komi til að rifja upp liðnar ánægjustundir, sem þeir áttu í Grillinu fyrir mörgum árum, e.t.v. til að halda upp á trúlofunar- eða giftingarafmælið, eða einhvern annan sérstakan atburð og velja sama réttinn og þeir fengu þá."

Ártöl eru við réttina á matseðlinum, sem gefa til kynna hvenær þeir voru sem vinsælastir, ásamt dæmum um atburði, sem gerðust á því ári.

Gestum Grillsins er boðið upp á fordrykk „Saga Special" auk þess sem allir sem eiga 30 ára afmæli á árinu fá sérstakan glaðning.



Unnið að uppsetningu sýningarinnar á Kjarvalsstöðum í gær. Morgunblaðið/RAX

Kjarvalsstaðir

Sex listamenn með sýningu

Í DAG verður opnuð á Kjarvalsstöðum sýning á verkum eftir sex íslenska myndlistamenn af yngri kynslóðinni sem öll hafa valið sér fígúruna að myndefni. Þau eru Brynhildur Þorgeirsdóttir, Helgi Þorgils Friðjónsson, Kjartan Ólason, Hulda Hákon, Jón Óskar og Svala Sigurleifsdóttir.

Sýningin ber yfirskriftina Fígúra, fígúra og var unnin í samvinnu Kjarvalsstaða við Listasafnið í Gautaborg og Fruitmarket-sýningarsalarins í Edinborg. Sýningin var opnuð í Gautaborg í vor og snemmsumars sett upp í Skotlandi og kemur þaðan á Kjarvalsstaði.

Gunnar B. Kvaran forstöðumaður Listasafna Reykjavíkur sem hafði umsjón með vali verkanna á þessa sýningu sagði í samtali við Morgunblaðið að sýningin gæfi góða og fjölbreytta mynd af fígúratívri myndlist þessarar kynslóðar á 9. áratugnum. „Þetta eru ólíkir listamenn sem vinna í ólík efni og með ólíkum aðferðum en viðfangsefnið sameinar þau; maðurinn og mannleg tilvist. Þessi sýning undirstrikar að við getum ekki talað um íslenskan skóla í fígúratívri myndlist. Þessir myndlistamenn eru menntaðir á ólíkum stöðum í Evrópu og Bandaríkjunum og flytja með sér alþjóðlega tilfinningu ásamt persónulegri sýn í myndmáli sínu."

Í kynningarefni með sýningunni segir að „þetta séu oftast yfirveguð listaverk, þar skýrleikinn situr í fyrirrúmi, með afmarkað myndefni og formræna úrvinnslu, án þess að vera bundin í tíma eða rúmi. Oft vísa þau handan við hversdagsleikann — í hetjur og guði — þau eru drifin áfram af andlegri reynslu eða þau eru tilvísanir í eigið líf samofið ímyndun og yfirnáttúrulegum eiginleikum einstaklingsins. Þetta eru oftast algild verk með afgerandi skoðanir, full ábyrgðar — þau eru oftast stór í sniðum og því fremur til almennings- en einkanota. Samtímis sem þau boða nýja sýn eru þau meðvitaður hluti af listasögunni og samevrópskri menningarhefð.

Sýningin stendur til 25. október og er opin daglega frá kl. 10–18.

Sýning Sigríðar Ásgeirsdóttur

Síðasta sýningarhelgi



Sýningu Sigríðar Ásgeirsdóttur í Listmunahúsinu í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu í Reykjavík, sem staðið hefur yfir frá 5. september, lýkur sunnudaginn 20. september kl. 18. Á sýningunni eru 16 verk unnin í gler.

Sigríður stundaði nám við Edinburgh College of Art 1979–1984 og í Þýskalandi 1984. Þetta er sjöunda einkasýning hennar og eru verk eftir hana m.a. í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Íslandsbanka við Lækjargötu í Reykjavík, Heilsugæslustöðinni á Seltjarnarnesi, Barnaskólanum á Húsavík og víðar.

Listmunahúsið er opið virka daga kl. 13–18 og kl. 14–18 um helgar.



Morgunblaðið/Björn Blöndal

Sögunefnd ásamt höfundi sögu Keflavíkur við útkomu bókarinnar. Frá vinstri eru Bjarni Guðmannsson höfundur bókarinnar, Gunnar Sveinsson formaður sögunefndar, Björn Stefánsson, Jón Sæmundsson, Vilhjálmur Þórhallsson og Guðleifur Sigurjónsson.

Saga Keflavíkur gefin út


Keflavík.

FYRSTA bindið af fleiri væntanlegum í sögu Keflavíkur er komið út og var bókin kynnt við hátíðlega athöfn í Risinu við þetta tækifæri. Höfundur er Bjarni Guðmannsson en hann hefur unnið við gerð verksins síðan 1989. Í þessu fyrsta bindi er sagan rakin frá árinu 1766 til 1890 og er þráðurinn rakinn frá því að einokunarkaupmaðurinn Holger Jacobæus settist að í Keflavík, en er fyrsti íbúinn sem ekki ætlaði sér að lifa af búskap og sjósókn og telst því fyrsti þorpsbúinn.

Í bókinni er byggðaþróunin ítarlega rakin, greint frá þróun atvinnuvega og fólksfjölda, upphafi félagsstarfa, heilsugæslu og ýmsu fleiru. Í umsögn höfundar segir að saga Keflavíkur sé ekki síst saga fólksins í þorpinu, saga einstaklinganna sem byggðu bæinn í leik og starfi, gleði og sorg. Þannig koma við sögu stórkaupmenn og búðarlokur, árabátaformenn og hásetar, veitingamenn, bindindisfrömuðir og fylliraftar, læknar og ljósmæður, sýslumenn, þjófar, fátæklingar, lausaleikskróar og margir fleiri.

Bókin er liðlega 300 blaðsíður og ríkulega myndskreytt. Bókin, sem gefin er út af Keflavíkurbæ, er fáanleg í bókabúðum um allt land.

BB



Thor tekur við verðlaunum sænsku akademíunnar

Thor Vilhjálmsson rithöfundur tekur við hinum norrænu bókmenntaverðlaunum sænsku akademíunnar af Torgny Segerstedt í Stokkhólmi í gær. Thor er fyrsti Íslendingurinn sem hlýtur þessi verðlaun akademíunnar, en þau hafa verið veitt árlega frá 1986. Akademían hélt Thor heiðurssamsæti í gærkvöldi, en í kvöld heldur Sigríður Snævarr, sendiherra í Stokkhólmi, boð til heiðurs rithöfundinum í tilefni verðlaunaafhendingarinnar.

Fyrirlestur og danssýning í Listhúsinu í Laugardal

LEIFUR Breiðfjörð glerlistamaður heldur fyrirlestur og skyggnusýningu um list sína í Rými, gallerii, á morgun, laugardaginn 19. september, kl. 17.30.

Sýning á verkum Leifs og Jóns Reykdals stendur nú yfir í sýningarsal Listhússins í Laugardal og er fyrirlestur Leifs einstakt tækifæri til að kynnast list hans nánar. Aðgangur er ókeypis og er öllum opinn.

Á laugardag kl. 16-17 verður flamenco-danssýning. Þar mun Cecilia Romero, atvinnudansari frá Spáni, sýna undir gítarleik Símonar Ívarssonar. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

Rými er nýstofnaður listaskóli og gallerí til húsa í Listhúsinu í Laugardal, Engjateigi 17-19 í Reykjavík.

(Fréttatilkynning)